

Vatnsstefna Ölmú íbúðafélags hf.

Alma íbúðafélag hf. („félagið“) hefur sett sér vatnsstefnu þessa með það að markmiði að draga úr vatnsnotkun í fasteignum félagsins og stuðla að sjálfbærni í starfseminni.

Umfang og ábyrgð

Allir starfsmenn félagsins bera ábyrgð á að fylgja stefnu þessari og stuðla að sjálfbærni í daglegum rekstri. Framkvæmdastjóri og hópstjóri viðhaldssviðs bera ábyrgð á innleiðingu stefnunnar og að henni sé framfylgt. Starfsmenn skulu fá kynningu á stefnunni. Þjónustustjóri ber ábyrgð á því að leigutakar séu upplýstir um markmið og tilgang stefnunnar.

Endurnýjun tækjabúnaðar

Við endurnýjun á tækjabúnaði skal leitast við að draga úr frárennsli með það að markmiði að lágmarka vatnsnotkun, svo sem hér greinir:

Tæki	Vatnsnotkun
Salerni	Tvöföld skolun með mest 6 og 3 lítrum eða ein skolun með mest 4,5 lítrum í hverri skolun
Handlaugar	≤4 lítrar/mín. með sjálfvirkri stýringu
Sturtur	Rennsli ≤10 l/mínútu
Uppþvottavél	12 lítrar í hverjum þvotti

Fræðsla og vitundarvakning

Starfsmenn skulu hljóta fræðslu um möguleika til að draga úr vatnsnotkun og hvernig þeir geta lagt sitt af mörkum.

Vatnsnotkun

Félagið skal setja upp kerfi til að fylgjast með vatnsnotkun og framkvæma úttektir til að meta árangur af aðgerðum félagsins.

Tækninýjungar

Félagið skal leitast við að nota nýjustu tækni til að draga úr og mæla vatnsnotkun í starfseminni.

Samstarf við birgja- þjónustuaðila

Félagið skal tryggja að allir birgjar og þjónustuaðilar séu upplýstir um stefnu þessa og hagi störfum sínum í samræmi við hana.



*Þannig samþykkt af stjórn
Ölmu íbúðafélags hf.,
22. okt. 2024*

Gunnar Þór Gíslason

Eggert Árni Gíslason

Erna Gísladóttir